



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/2145*  
*komudagur 16.5.2006*

Bjarnarbraut 2  
310 Borgarnes  
Sími: 437-1201  
Fax: 437-1309

## Sýslumaðurinn í Borgarnesi

16. maí 2006.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Hér með sendist athugasemd vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna breytts fyrirkomulags á skráningu og þinglýsingu skipa.

Það vekur furðu mína svo ekki sé meira sagt að flytja eigi þinglýsingar skipa og báta til Ísafjarðar. Nú þegar stöðugt er sótt að sýslumannsembættunum og mörg munu missa verkefni eins og iögræglustjóm, tollstjóm og jafnvel fleira. Ríkisskattstjóri er með hugmyndir um eitt skattumdæmi og innheimtan fari til þess.

Ráðherra dómsmála hefur sagt að ekkert sýslumannsembætti verði lagt niður heldur standi til að færa verkefni til þeirra. Þá hefði mér eins og mörgum öðrum fundist eðlilegt að flytja verkefni eins og þinglýsingu skjala vegna skipa og báta til embætta eins og sýslumannsins á Patreksfirði eða í Bolungarvík.

Dómsmálaráðherra lýsti því yfir á ráðstefnu nýlega að sýslumenn geti óskað eftir verkefnum og er það af hinu góða, en ég tel að þau embætti sem missa verkefni eigi að ganga fyrir þegar hægt er að flytja verkefni til þessara embætta. Ég vona að þessi athugasemd verði tekin alvarlega og hún tekin til greina.

Virðingarfyllt,

Stefán Skarphéðinsson,  
sýslumaður.